

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



Dags eftirlits	28.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Norðurál Grundartanga	Eftirlitsmaður	Sigríður Magnúsdóttir
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5702972609	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn Dögg Steinsen	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bríet Ósk Magnúsdóttir	Staðsetning	365596,685 431351,563

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru skráð í eftirlinu og engin ábending kom fram. Einu eldra frávik var lokað.

UMFANG EFTIRLITS

Haldinn var fjárfundur þar sem farið var yfir umfang eftirlitsins:

- Staðan frá því í síðasta eftirliti. Hvernig hefur verið unnið með há mæligildi á Kríuvörðu, liggja frekari aðgerðir eða greiningar fyrir.
- Greining á niðurstöðum á PAH mælingum og mat á losun PAH efna. Hvernig stefnir rekstraraðili á að meta og mælar losun á PAH, óskum eftir kynningu á þessum málum og á seinustu mælingum PAH efna.
- Urðun úrgangs í flæðigryfju. Hvaða úrgangur er urðuður í flæðigryfju og hvað af honum gæti innihaldið spilliefni. Upprunagreining á úrgangi.

Farið var yfir fyrirhugaðar framkvæmdir við stækkun á steypuskála, sem eiga að hefjast fljótlega. Rætt var um að kanna þyrfti hvort stækkunin kallaði á breytingar á starfsleyfi.

Staða fráviks frá því í seinasta eftirliti sem fór fram 12. maí 2021, var rædd. Frávikið varðar niðurstöður flúormælinga á Kríuvörðu en þær voru yfir mörkum sem skilgreind eru í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur nú breytt verklagi og fylgist mun nánar með mælingunum en áður var gert. Jafnframt eru mælingarnar bornar saman við mælingar sem framkvæmdar eru af rekstraraðila en vöktunarmælingarnar á Kríuvörðu eru framkvæmdar af Hafrannsóknarstofnun. Ef rekstraraðili telur eitthvað athugavert við mælingarnar er málið skoðað strax, áður voru þessar mælingar skoðaðar þegar niðurstöður bárust fyrir árið í heild sinni. Á þennan hátt er hægt að greina betur hvað veldur háum mæligildum, hvort það er losun frá rekstraraðila, veðurfar eða bilanir í mælum. Frávikinum telst lokið.

Sett var fram ábending í síðasta eftirliti um að þess skuli gætt að ryks safnist ekki upp á gólfi í kerskála. Við síðasta eftirlit höfðu vaktir starfsmann nýlega verið stytta úr 12 í 8 tíma. Við það breyttist rútinan á vöktunum og þar á meðal hvenær þrifið er á vaktinni. Þessi breyting á rútinu og menningu olli því að ekki var nógu vel þrifið við síðasta eftirlit. Einhvern tíma tók að breytinga menningunni á vöktunum en það ætti að vera komið nú.

Farið var yfir mælingar, mat á losun og notkun á efnum sem innihalda PAH efni. Eldri gerð af kragasalla var skipt út -fyrir nýtt efni sem innihélt ekki PAH eins og sá gamli. Þrátt fyrir það sýna mælingar aukna losun á PAH efnum. Í rjáfri tvö er meiri losun á PAH efnum en í rjáfri eitt þar sem ekki eru aukið afsog á rjáfri tvo því meira ryk. Þetta eru helstu upp sprettur PAH efna hjá rekstraraðila.

Rætt var um þann úrgang sem er settur í flæðigryfjur og hvernig rekstraraðili fylgist með úrgangsstraumum og möguleikum til endurvinnslu.

Ekki var tilefni til athugasemda að þessu sinni.

Reykjavík, 04.01.2022

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu

Steinunn Karlsdóttir

heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Steinunn Karlsdóttir